

Ed. 573. Frumvarp til laga [330. mál]

um breyting á lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 16 13. apríl 1973.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Heimild þessi gildir til ársloka 1997.

Ágóði happdrættisins skal renna til byggingarframkvæmda fyrir aldraða á vegum Sjómannadagssamtakanna í Reykjavík og Hafnarfirði. Heimilt er stjórn samtakanna, sem sér um stjórn og daglegan rekstur happdrættisins, að veita styrk eða lán til annarra bygginga um land allt í þágu aldraðra, svo sem verndaðra þjónustubúða, umönnunar- og hjúkrunarheimila og þjónustumiðstöðva fyrir aldraða.

2. gr.

Orðin „og afhending fjáris til byggingarsjóðs aldraðs fólks“ í 5. gr. falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 30. apríl 1987.

A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

Samkvæmt lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna skal ágóði af happdrættinu renna til byggingarsjóðs aldraðs fólks, en 60% ágóðans renna þó til byggingar Dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Með frumvarpi þessu er lagt til að ágóði af happdrætti DAS skuli renna óskiptur til byggingarframkvæmda fyrir aldraða á vegum Sjómannadagssamtakanna í Reykjavík og Hafnarfirði, en þau samtök hafa staðið að rekstri happdrættisins frá upphafi. Hins vegar verði stjórn samtakanna heimilt að veita styrk eða lán til annarra bygginga um land allt í þágu aldraðra, svo sem verndaðra þjónustubúða, umönnunar- og hjúkrunarheimila og þjónustumiðstöðva fyrir aldrað fólk. Frumvarp þetta er flutt til samræmis við annað frumvarp, er felur í sér að byggingarsjóður aldraðs fólks, sem starfar samkvæmt lögum nr. 49/1963, verði lagður niður.

Auk þess sem að framan greinir felur frumvarpið í sér að heimild til happdrættisins framlengist um þrjú ár, til ársloka 1997.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni Sjómannadagssamtakanna í Reykjavík og Hafnarfirði.